

**2. Röntgenmyndir af heilæðum:**

Sé einhverju framangreindra skilyrða ekki fullnægt eða leiki vafi á um eitthvert þeirra skal taka röntgenmyndir af heilæðum. Þær skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna. Sé blóðflæði um heila hætt sést ekki skuggaefnisflæði í heilæðum. Þess er krafist að sjáanlegt sé flæði skuggaefnis í greinar ytri hálsslagæðar (a. carotis externa) eigi rannsóknin að teljast marktæk.

Hafi dauði manns verið staðfestur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. má hætta aðgerðum sem viðhalda öndun og hjartslætti. Lækni ber að fræða vandamenn sem best um ástand sjúklingsins og um dauða hans. Honum er ekki skylt að fara að óskum vandamanna um áframhald meðferðar þegar staðfest er að sjúklingurinn sé látinn.

Ef í hlut á látin kona sem gengur með lífvænlegt barn þá skal viðhalda öndun og hjartslætti þar til barnið hefur verið tekið með keisaraskurði.

Ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu er heimilt að halda áfram aðgerðum til að viðhalda hjartslætti og öndun í takmarkaðan tíma. Mikilvægt er að tryggja blóðflæði og næringu til slíkra líffæra allt þar til þau eru numin brott. Sé fullnægt skilyrðum laga nr. 16 6. mars 1991 um brott nám líffæra og krufningar má halda við öndun og hjartslætti á meðan líffæri eru numin brott, en það skal gera svo fljótt sem unnt er.

Reglur þessar eru settar með stoð í 4. gr. laga nr. 15 6. mars 1991 um ákvörðun dauða og eru í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

**SAMÞYKKT****um gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði.****1. gr.**

Gjöld skv. 4. gr. gjaldskrár nr. 109/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði verða sem hér segir:

1. flokkur kr. 2 000,00	4. flokkur kr. 4 000,00
2. flokkur kr. 3 000,00	5. flokkur kr. 4 500,00
3. flokkur kr. 3 500,00	6. flokkur kr. 5 000,00

**2. gr.**

Gjöld skv. 5. gr. gjaldskrár nr. 109/1987 verði sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00	4. flokkur kr. 38 000,00
2. flokkur kr. 20 000,00	5. flokkur kr. 51 000,00
3. flokkur kr. 28 000,00	6. flokkur kr. 62 000,00

**3. gr.**

Ofangreind samþykkt sveitarfélaganna á svæði heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*